



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Helgi Helgason  
Veitur ohf.  
Bæjarháls 1  
110 Reykjavík

Stykkishólmur, 3. maí 2023  
MÍ202302-0110/ 6.10 / M.A.S.

**Efni: Endurnýjun á um 3,5km hitaveitulögn sem liggur frá Dragavegi að Horni í Skorradal**

Með tölvupósti dagsettum 2. febrúar 2023 óskaði Helgi Helgason, verkefnastjóri hjá Veitum ohf., eftir umsögn minjavarðar um framkvæmdir vegna um 3,5km hitaveitulögn sem liggur frá Dragavegi að Horni í Skorradalendurnýjunar á aðveitu frá Höfn að Narfastöðum (um 7 km). Fyrirhugað er að leggja lögn í sumar (2023) frá Dragavegi og vestur yfir Kaldá. Á teikningu er þetta lögnin á milli A-A og B-B sniðanna.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir allt sveitafélagið af Fornleifastofnun Íslands 2017, en lokaskýrsla er ekki komin út. Undirritaður kannaði svæðið á vettvangi. Engar minjar virðast vera í hættu og þarafleiðandi gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við framkvæmdirnar frá Dragavegi og vestur yfir Kaldá..

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

*Afrit sent:*

*Helga Helgasyni [Helgi.Helgason@veitur.is](mailto:Helgi.Helgason@veitur.is)  
Skipulagsfulltrúa [skipulag@skorradalur.is](mailto:skipulag@skorradalur.is)*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.